
Skýrsla stjórnar og rekstrareininga sem Fjórðungssamband Vestfirðinga ber ábyrgð á

Þingsforseti og aðrir gestir. Þá er komið að skýrslu stjórnar.

Stjórn í upphafi árs 2022 var skipuð af:

Iðu Marsibil Jónsdóttur, Vesturbyggð
Daníel Jakobssyni, Ísafjarðarbæ
Þóri Guðmundssyni, Ísafjaraðrbæ
Kristjáni Jóni Guðmundssyni, Bolungarvíkurkaupstað
Jóhönnu Ösp Einarsdóttir, Reykhólahreppi

Jóhanna Ösp var formaður stjórnar.

Í maí var svo gengið til sveitarstjórnakosninga og þá missir stjórn í raun umboðið sitt en situr áfram sem starfsstjórn. Á fjórðungsþingi á sumri var svo skipuð kjörnefnd sem sá til þess að allar nefndir og ráð væru mannaðar með réttum kynjahlutföllum og svæða hlutföllum.

Ög ný stjórn var svo kjörin á fjórðungsþingi að hausti á Patreksfirði það voru

Lilja Magnúsdóttir, Tálknafjarðahreppi
Aðalsteinn Traustason, Ísafjarðarbæ
Nanný Arna Guðmundsdóttir, Ísafjarðarbæ og jafnframt varaformaður stjórnar
Magnús Ingi Jónsson, Bolungarvíkurkaupstað
Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Reykhólahreppi.

Jóhanna Ösp var endurkjörin sem formaður stjórnar

Vegna þess að fráfarni stjórn missti kjörgengi sitt voru haldnir óvenju fáir fundir þetta árið eða 7 talsins. En á þessum tíma voru skrifaðar 17 umsagnir og unnið úr 10 ályktunum frá fjórðungsþingi.

En hverju skilar þetta eiginlega?

Úr ályktunum hafa orðið til samráðs og samstarfsvettvangar sveitarfélaganna og má þar nefna starfshóp um *Verðmætasköpun í strjálbýli* sem landshlutasamtök SSV, SSNV og FV skipuðu og sóttu um í aðgerð C1 í Byggðaáætlun fyrir sauðfjarræktar svæði Húnaþings Vestra, Dalabyggð, sveitarfélaga í Strandasýslu og Reykhólahreppi, en þau svæði komu ekki vel út úr stöðu greiningu sem byggðastofnun framkvæmdi í fyrra. Skipaður var annar starfshópur um velferðamálin á grundvelli ályktunar 67. Fjórðungsþings Vestfirðinga að hausti, þar sem

niðurstaða starfshópsins var að Ísafjörður verði leiðandi sveitarfélag og það verkefni er bara að ganga í gegn í þessum töluðu. Einnig er vinna hafin vinna á grundvelli ályktunar 67.

Fjórðungsþings Vestfirðinga að hausti, um gerð svæðisskipulag og þar koma sorpmálin inní. Þannig að þetta skilar í það minnsta allskonar skemmtilegri vinnu, eða "lots of fruitful work"

Það voru haldnir nokkrir stórir viðburðir á árinu, fyrsta málþing um orkumál á Vestfjörðum haldið í apríl, 67. Fjórðungsþing Vestfirðinga að vori, sumri og hausti. Ríkisstjórn Íslands fundaði á Ísafirði í byrjun september, og treystir greinilega nýgerðum innviðum fjórðungsins, komu í sitthvorri flugvélinni til að gæta öryggis en svo fóru þau öll út á enda á útsýnispallinum á Bolafjalli fyrir myndatöku.

Svo var haldið fyrsta ungmennáþing Vestfjarða þar sem ungmenni allstaðar af Vestfjörðum voru saman komin í Bjarnafirði á Ströndum og fjölluðu um mikilvæg málefni eins og sóknaráætlun og menntastefnu. Það sem unga fólkið okkar kallar á og var gegnum gangandi í öllum gögnum frá þinginu er AUKIÐ SAMSTARF! Grunnskóla, íþróttafélaga, félagsmiðstöðva og að það sé öflugur samstarfsvettvangur fyrir ungmenni.

Miðað við hvað okkur Vestfirðingum gengur upp og ofan í samstarfi þá er þetta kannski sniðug hugmynd að byrja nokkrum árum áður en við verðum miðaldra og föst í kassanum). Þó finnst mér okkur hafa farið mjög mikið fram í að vinna saman sem sást mjög vel á fyrrnefndum ríkisstjórnarfundum. Þar er ég virkilega stolt af okkur Vestfirðingum því samhljómurinn var gríðarlegur og eindreginn.

En dropinn holar steininn:

Sjáið þessa mynd af framkvæmdum við Vestfjarðaveg 60 í Þorskafirði, ég fagna í hvert skipti sem ég keyri þarna framhjá. Og ég held að þið fagnið líka, þannig að ég held að við ættum bara að fagna saman!

En á árinu 2022 hófst einmitt brúargerð yfir Þorskafjörð. Það styttist í að maður geti farið út fyrir Hallsteinsnes og yfir fjörðinn. En ég er búin að vera stressuð yfir brúnum yfir Gufufjörð og Djúpafjörð en ég get glatt ykkur með því að þetta er loksins komið inn á vef Vegagerðarinnar í fyrirhuguð útboð.

Í janúar 2022 var innviðaráðherra og formanni umhverfis og samgöngurnefndar Alþingis, afhent Jarðgangnaáætlun Vestfjarða þar sem skilaboðin voru skýr, við viljum tilheyra þeim samfélögum sem við búum í.

Skýrsla starfsfhóps umhverfis-, orku og loftlagsmálaráðherra um orkumál var líka kynnt á málþingi um orkumál á Vestfjörðum í apríl 2022, en starfsmenn Vestfjarðastofu áttu gott samstarf vinnu starfsfhópsins, þó

Unnið var að menntastefnu Vestfjarða sem er á lokametrunum núna og þá þurfum við sveitarfélögin að horfa á hvað við ætlum að gera með hana og hvernig ný menntastefna getur ýtt undir frekara samstarf.

Endurskoðun Sóknaráætlunar Vestfjarða 2020-2024 á miðju gildistíma áætlunarinnar, fór fram um haustið 2022 þar sem vinna okkar á fjórðungsþingi að hausti, vinna af ungmennáþingi og vinna með hagsmunaaðilum var tekin föstum tökum og skilaði sér svo inn í endurskoðaða sóknaráætlun sem var svo staðfest í febrúar 2023.

Afhverju fær Akureyri allt?

Hér er mynd af ristahliðinu á Reykhólum. Oft hefur skapast mjög mikil umræða um þetta tiltekna hlið. Því það skilgreinir dreifbýlið frá þéttbýlinu á Reykhólum.

Þegar ég gaf fyrst kost á mér í sveitarstjórn þá heyrði ég af tveimur mismunandi viðhorfum, annars vegar er það “sveitin sér um sína” sem þýðir að sveitin sér um að koma sínu fólki að í sveitarstjórn og hitt viðhorfið var einmitt frá sveitinni “við verðum að koma okkar fólki að”. Þetta er ekki samfélag að tala einni röddu og nota bene þarna búa 250 manns. En þetta er ekki bara viðloðandi í litlum sveitarfélögum, svo heyrir maður umræðuna um Ísafjörð sem stóri bróðir, afhverju þarf að vera að horfa á Menntaskólann á Ísafirði, eða hvers vegna ætlar Ísafjörður að verða leiðandi sveitarfélag í velferðamálum.

En Umræðan stoppar ekki þar. Svo erum við komin í fjórðunginn Vestfirði, hvers vegna fær Akureyri að vera með millilandaflugvöll, fimm störf HMS flytja á Akureyri og hvers vegna fær Akureyri stuðning í að verða svæðis borg en ekki Ísafjörður.... Svo við tölum nú ekki um NÝJU FRÍHÖFNINA Á AKUREYRI!

Tökum þetta á næsta stig, síðastliðið haust fóru formenn og framkvæmdarstjórar landshlutasamtakanna á fund á Húsavík og Akureyri og þar var sama saga, hvers vegna fær Þjóðleikhúsið svona mikið en Hof fær miklu minna. Og enn lengra landsþingum Sambands íslenskra sveitarfélaga er svo verið að fjalla um hvers vegna ríkið fær allar tekjurnar en sveitarfélögin svona lítið.

Svo við tölum ekki um Ísland innan Evrópu þar erum við komin í sömu umræðu aftur. Þannig að það er sama hversu stórt við lítum eða hversu lítið við lítum það er alltaf sama Umræðan. Allir upplifa að það sé verið að snuða þá um eitthvað.

Við þurfum öfluga höfuðborg og við þurfum öfluga landsbyggð. Og dreifbýlið í Reykhólahreppi og þorpið er sama samfélagið, við þurfum að vera saman í liði. Og það sama á við um Vestfirði alla, landsbyggðina alla og svo landið allt. Við þurfum öll mismunandi hluti. Og þurfum að vera tilbúin að vera stolt og ánægð þegar aðrir eru að gera góða hluti.

Ég er náttúrulega í miklum minnihluta, sem Gufsari úr strjábýlasta dreifbýlinu í litla samfélaginu. En ég er samt ánægð með mitt samfélag og ég er stolt af því að vera Vestfirðingur. Þetta eru samt ekkert bara rósir og regnbogar og allir hamingjusamir til æviloka... Og þetta þýðir alls ekki að hagsmunabaráttunni ljúki!! Heldur þurfum við að horfa inn á við og vita hvert við viljum stefna! Hvaða áherslum ætlum við að fagna á Sunnanverðum??? En á Reykhólum og Ströndum?? Hvað með Norðanverða. Ef við byggjum upp sérstöðu svæðanna og vitum hvaða baráttur við ætlum að taka, hvort sem það er í sveitarfélögunum hverju fyrir sig eða fyrir heildarmynd Vestfjarða, þá þurfum við ekki að keppa við fríhöfnina á Akureyri.

Við getum sett alla okkar orku og kraft í að byggja til framtíðar á því sem við höfum. Sem er ekkert til að skammast sín fyrir! Þar getur til dæmis svæðisskipulag og sóknaráætlun verið eitt af okkar aðal verkfærum, en við getum ekki verið stefnulaus í einhverja átt sem við vitum ekki hver er og berum okkur saman við það sem hentar hverju sinni. Þannig að horfið inn á við, hvað þarf ykkar samfélag og hvernig komumst við þangað, því ég og ég veit að stjórn Fjórðungssambandsins og starfsfólk Vestfjarðastofu viljum endilega vera með ykkur í liði í að komast þangað því það er okkar allra hagar.